

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um breytingu á reglugerð nr. 68/1996.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Hversu háum fjárhæðum er áætlað að útgáfa læknisvottorða skili heilsugæslunni eða heilbrigðisstofnunum eftir breytingar á reglugerð nr. 68/1996, um hlutdeild sjúkra-tryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sem tóku gildi 1. janúar sl.?
2. Hvað er áætlað að tekjur heilsugæslulækna skerðist mikið við þessar breytingar og er ætlunin að bæta þeim tekjuskurðinguna með einhverju móti?
3. Hyggjast heilsugæslulæknar láta af störfum vegna breytinganna? Ef svo er, hve margir hyggjast hætta og hvernig ætlar ráðuneytið að bregðast við því?